

Svar

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðbreytingar á vöru og þjónustu umfram verðlag.

1. *Hvaða verðbreytingar hafa orðið á vöru og þjónustu umfram verðlag frá árinu 1999 og hverjar eru helstu skýringar á hækkunum umfram verðlagsbreytingar?*

Frá mars árið 1999 til mars árið 2004 hækkaði vísitala neysluverðs um 24,4% og vísitala neysluverðs án húsnæðis (áður vísitala vöru og þjónustu) um 19,8%.

2. *Hvernig skiptast verðbreytingar sem eru umfram verðlagsbreytingar milli eftirfarandi þátta frá árinu 1999:*

- a. *heilbrigðisþjónusta,*
- b. *húsnæðiskostnaður,*
- c. *menntamál, skipt milli skólastiga,*
- d. *heimilistryggingar,*
- e. *rafmagn og hiti,*
- f. *póst- og símakostnaður?*

Eftirfarandi verðbreytingar eru á vísitölu neysluverðs frá mars 1999 til mars 2004, skipt upp eftir eðli og uppruna:

Búvörur án grænmetis	10,1%
Grænmeti	–10,4%
Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur	20,4%
Aðrar innlendar vörur	18,3%
Innfluttar mat- og drykkjarvörur	17,3%
Nýr bill og varahlutir	18,8%
Bensín	33,1%
Innfluttar vörur aðrar	7,1%
Áfengi og tóbak	27,2%
Húsnæði	54,5%
Opinber þjónusta	27,6%
Önnur þjónusta	30,6%
Dagvara	15,0%

Hækkun á þeim liðum frá mars 1999 til mars 2004 sem upp eru taldir í fyrirspurninni eru eftirfarandi:

Heilbrigðisþjónusta	29,8%
Húsnæðiskostnaður	54,5%
Menntun	43,1%
Grunnskólar	15,8%

Framhaldsskólar	44,0%
Háskólar	35,4%
Heimilistryggingar	36,3%
Rafmagn og hiti	18,0%
Póst- og símakostnaður	8,7%

3. *Hvað hefur ríkissjóður haft í tekjur af verðhækkunum sem hafa verið umfram verðlagsbreytingar á tímabilinu 1999–2003 og hvað hafa þær hækkað mikið vísitölu neysluverðs?*

Hagstofan hefur ekki tiltækar upplýsingar um áhrif af verðlagsbreytingum á tekjur ríkissjóðs.